

Fyrirlestur 7 júní, 2024 frá 12-13.30 í Háskóla  
Íslands, stofu 101 í Odda

**Cross-Border Pension Flows and  
International Monetary Instability**

12.00-12.30

Robert Z Aliber

Prófessor Emeritus, University of Chicago

**Umræða**

12.30-13.30

Már Guðmundsson

Fyrrverandi seðlabankastjóri

Lúðvík Elíasson

Seðlabanki Íslands

## Efni

Í fyrirlestri sínum mun Aliber fjalla um tengsl erlendra fjárfestinga lífeyrissjóða og mynsturs viðskiptahalla og viðskiptaafgangs í heiminum og hvernig afgangur á viðskiptum eins lands skapar halla í viðskiptum annarra landa. Hann mun leitast við að svara þeirri spurningu hvort þjóðir Vesturlanda, sem horfa fram á fjölgun fólks á lífeyrisaldri, geti fjármagnað fyrirséða aukningu lífeyrisgreiðslna með erlendum fjárfestingum og hvaða erfiðleika slíkar fjárfestingar geta skapað í alþjóðahagkerfinu.

## Fyrirlesarar

**Robert Z. Aliber** er Íslendingum kunnugur en hann flutti fjölda fyrirlestra hér á landi fyrir og eftir fjármálaáfallið árið 2008. Hann á langan feril að baki sem prófessor við Chicago háskóla og sem hagfræðingur hjá hinu opinbera í Washington á sjötta áratuginum. Aliber hefur skrifað fjölda bóka um alþjóðafjármál en hann er þekktastur fyrir framlag sitt til kenninga um beinar erlendar fjárfestingu (e. foreign direct investment). Hann er meðhöfundur endurskoðaðra útgáfa af bókinni *Manias, Panics and Crashes* ásamt Charles Kindleberger en bókin hefur að geyma sögu fjármálakreppa allt aftur til 17. aldar. Í nýjusu útgáfum bókarinnar er fjallað nokkuð um fjármálakreppuna á Íslandi árið 2008 .

**Már Guðmundsson** var seðlabankastjóri á árunum 2009 til 2019. Áður var hann aðstoðarframkvæmdarstjóri peninga- og efnahagssviðs Alþjóðagreiðslubankans (BIS) (2004-2009) og aðalhogfræðingur Seðlabankans (1994-2004). Hann hefur birt fjölda greina í bókum og hagfræðitímaritum um peningastefnu, gjaldmiðilskerfi, fjármálastöðugleika, fjármagnshreyfingar og lífeyrismál. Eftir seðlabankastjóratíð sína hefur Már m.a. unnið fyrir stofnun samtaka seðlabanka í Suðaustur Asíu (SEACEN) varðandi áskoranir fjármagnshreyfinga og gert skýrslur fyrir íslensk stjórnvöld, m.a. um þjóðhagsleg áhrif og regluverk um lífeyrissjóði.

**Lúðvík Elíasson** er yfirmaður rannsókn- og spádeildar Seðlabanka Íslands. Lúðvík hóf starfsferil sinn hjá Seðlabankanum árið 2001. Hann vann áður hjá Landsbanka Íslands (2005-2009) og var aðalhogfræðingur hjá MP banka (2009-2011) en tók þá við stöðu hagfræðings á fjármálastöðugleikasviði Seðlabanka Íslands (2012-2018). Lúðvík starfaði fyrir þingnefndir sem rannsökuðu hlutverk banka og húsnæðisfjármögnunar í fjármálakreppunni 2008 á Íslandi. Hann hefur birt fjölda greina í hagfræðitímaritum.